

## Grænt bókhald 2012



Mannamót í aðstöðuhúsi í Stekkjarvík.

Norðurá bs., Stekkjarvík, 541 Blönduós

## Efnisyfirlit

<b>1.1 Yfirlýsing og áritun stjórnar.....</b>	<b>bls. 3</b>
<b>1.2 Áritun óháðs endurskoðanda.....</b>	<b>bls. 4</b>
<b>2.1 Starfsleyfi.....</b>	<b>bls. 5</b>
<b>2.2 Starfstöð.....</b>	<b>bls. 5</b>
<b>2.3 Fyrirtækjaflokkur.....</b>	<b>bls. 5</b>
<b>2.4 Bókhald.....</b>	<b>bls. 5</b>
<b>3.1 Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum.....</b>	<b>bls. 6</b>
<b>3.2 Sorpmagn á árinu 2012.....</b>	<b>bls. 6</b>
<b>3.3 Efni í yfirlag á urðunarhólfí.....</b>	<b>bls. 7</b>
<b>4.1 Vöktun umhverfisþáttta við urðunarstaðinn í Stekkjavík 2012</b>	<b>bls. 7</b>
<b>4.2 Niðurstöður mælinga.....</b>	<b>bls. 9</b>
<b>4.3 Grunnvatnsstaða.....</b>	<b>bls.10</b>
<b>4.4 Veðurathuganir.....</b>	<b>bls.11</b>
<b>4.5 Sigvatusmælingar.....</b>	<b>bls.12</b>
<b>4.6 Akstur með sorp.....</b>	<b>bls.12</b>
<b>4.7 Orkunotkun.....</b>	<b>bls.13</b>
<b>5.1 Framkvæmdir 2012.....</b>	<b>bls.14</b>

## Norðurá bs.

### Grænt bókhald 2012

#### 1.1 Yfirlýsing og áritun stjórnar

Norðurá bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna Svf. Skagafjarðar, Akrahrepps, Blönduósþærjar, Svf. Skagastrandar, Skagabyggðar og Húnavatnshrepps og hefur aðsetur í Stekkjarvík, 541 Blönduós. Starfssemi félagsins fer fram í Stekkjarvík norðan við Blönduós og felst í móttöku og urðun á sorpi sem þangað er flutt frá umræddum sveitarfélögum auk allra sveitarfélaga við Eyjarfjörð samkvæmt samningi við þau. Sveitarfélöginn reka gámastöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun sorps og flutning þess til urðunarstaðar.

Starfssemin hófst í ársbyrjun 2011 og er þetta annað starfsárið sem skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi sem útgefið var þann 26. nóvember 2012 og gildir til 26. nóvember 2026. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að grænu bókhaldi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar. Stjórn Norðurár bs staðfestir hér með grænt bókhald 2012 með áritun sinni.

Blönduósi, 23. maí 2013.

Í stjórn Norðurár bs.

*Magnús Þórðarson*

## 1.2. Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Norðurár bs. um grænt bókhald fyrir árið 2012. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- Hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- Að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spruningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í enurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Norðurár bs. um grænt bókhalds á árinu 2012 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Sauðárkróki, 23. maí 2013.

**KPMG ehf.**




## 2.1 Starfsleyfi

Núgildandi starfsleyfi er gefið út af Umhverfisstofnun þann 26. nóvember 2010 og gildir til 16 ára, til 26. nóvember 2026. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsseminni samkvæmt starfsleyfi. Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka við öllum meðhöndluðum úrgangi öðrum en spilliefnum.

## 2.2 Starfsstöð

Starfsemi fyrirtækisins fer fram í Stekkjarvík norðan við Blönduós. (sjá afstöðumynd)



Grunnmynd heildarhólfs, vegur, aðkoma, fráveita og þjónustuplan í Stekkjarvík . Efla, janúar 2010.

## 2.3 Fyrirtækjaflokkur

Starfssemi fyrirtækisins er urðun úrgangs og fellur því undir flokk 5.4 skv. reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002.

## 2.4 Bókhald

Bókhaldstímabilið nær yfir 1. janúar 2012-31. desember 2012.

### 3.1 Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum

Starfssemi Norðurár bs, er eingöngu bundin við urðunarstaðinn í Stekkjarvík og er afmörkuð við hann. Ferlið er þannig að flutningatækin eru vigtuð þegar þau koma lestuð, farmurinn er skilgreindur og ekið að urðunarhólfni og þau losuð. Að losun lokinni eru þau vigtuð aftur. Allar vigtanir eru skráðar og haldið utan um mismunandi flokka. Sorpinu er þjappað í urðunarhólfinu með troðara og er hulið með jarðvegi. Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum eru því einkum þrír:

1. Sorpmagn
2. Losun mengunarefna frá urðunarstað
3. Gaslosun

### 3.2 Sorpmagn á árinu 2012

Á árinu 2012, öðru starfsári var tekið á móti 12.342 tonnum en á fyrsta starfsári voru urðuð 8.882 tonn af úrgangi í Stekkjarvík. Aukningin á milli ára er 39%. Heimilt er að taka á móti allt að 21.000 tonn á ári og var sorpmagnið 59% af leyfðu magni á ári.

Niðurstöður sorpmagns eftir sorpflokkum eru birtar í töflu 1.

Kg	Sorpflokkar	Lýsing
6.766.669	20 03 07	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum
3.217.387	20 03 01	Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum
78.320	02 01 99	Veiðarfæri
56.610	17 02 00	Plast
0	20 01 02	Gler
36.122	02 02 00	Úrgangur frá meðferð og vinnslu kjöts og fisks
211.030		Stór húsgögn, dýnur, grófur timburúrgangur
5.914	17 06 01	Asbest
145.470	03 01 03	Spænir, bútar, ónýtt timbur
41.620		Blandaður úrgangur úr sandföngum og olíuskiljum
5.480		Ketilryk/kolasalli
91.180	20 03 04	Eðja frá rotþróum og skolphreinsun
0		Pappírs og pappaumbúðir
360		Úrgangur sem brotnar niður, lífrænn garðaúrgangur
5.860	17 07 01	Úrgangur úr blandaðri byggingarstarfssemi
1.676.992	02 01 02	Dýrahraessláturúrgangur
<b>12.339.014</b>	<b>Kg. Samtals</b>	

Tafla 1. Niðurstöður sorpmagns eftir sorpflokkum.


### 3.3 Efni í yfirlag á urðunarhólfí

Á árinu 2012 var notuð möl til yfirlags yfir sorp í urðunarhólfinu. Samkvæmt starfsleyfi er skylt að birgja úrgang daglega sem settur hefur verið í urðunarhólf. Magn malarefnis árið 2012 var **9.242 tonn**.

#### 4.1 Vöktun umhverfispáttta við urðunarstaðinn í Stekkjavík fyrir árið 2012

*Samantekt Steinunnar Hjartardóttur, heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti NL. vestra.*

Urðunarstaðurinn í Stekkjavík tók á móti rúmlega 12.300 tonnum af úrgangi árið 2012. Sýni voru tekin 2. maí og 1. október 2012 skv. mælingaráætlun gefin upp í starfsleyfi og hnit gefin upp af ráðgjafafjónustunni Eflu ehf.



Mælingabrunnar merktir skv. sýnatokuáætlun Eflu ehf.

#### Sýnataka 2.maí 2012

Sýni voru tekin úr brunnum BR1 og BR5, en vatn var ekki aðgengilegt til sýnatoku úr brunnum BR6 og BR4. Mælistöðvarnar voru valdar í samræmi við leiðbeiningar frá verkfræðistofunnar Eflu þ.e. fyrir ofan og neðan hreinsivirk. Um er að ræða sýnatoku úr sömu brunnum og tekið var úr í október 2011 en í október 2011 var sýnatökubrunnur BR5

sagður vera BR6 en estir betri yfirferð á korti þá er sýnatökubrunnurinn sem hægt var ná vatni úr í raun BR5.

Staða grunnvatns í brunni MG1 var 96cm og í brunni MG2 95cm.  
Veður var hægur vindur, súld og hiti 8°C

## Sýnataka október 2012

Sýnataka fór fram þann 1. október 2012

Sýni voru tekin á sjö mælistöðvum á DY1, DY2, MG1, MG2, BR1, BR5 og SS1.

Mælistöðvar DY1 og D2 eru hnittsettar stöðvar í Dalalæk fyrir norðan urðunarstað en hitastig í læknum var 4,0 °C.

Mælistöð MG1, mælibrunnur grunnvatns fyrir ofan urðunarstað en þar mældist hæð grunnvatns 96 cm og hitastig 5,5°C.

Mælistöð MG2, hæð grunnvatns 94cm og hitastig 5,5 °C.


Mælistöð BR1, fyrir ofan hreinsivirkni en þar mældist hitastig vatnsins 10°C.

Mælistöð BR5, fyrir neðan hreinsivirkni en þar mældist hitastig vatnsins 10°C og rennsli 0,4l/sek.

Mælistöðvarnar voru valdar í samræmi við leiðbeiningar frá verkfræðistofunnar Eflu þ.e. fyrir ofan og neðan hreinsivirkni. Fylgt var sömu leiðbeiningum og áður en eins og fyrr var ekki unnt að taka sýni úr BR6 og þess vegna tekið úr BR5 og brunnum MG3 er ekki til staðar og þess vegna ekki unnt að taka sýni þar, en í staðinn valinn MG2

Á meðan sýnatoku stóð var skýjað, þurrt að mestu og vindur 10 m/sek og hiti 8°C.

Öll sýnin voru send til Matís sem mældi COD, Leiðni og pH, en aðrar mælingar voru framkvæmdar hjá ALS Scandinavia AB í Svíþjóð. Niðurstöður eru birtar í töflum í skýrslu þessari.



Grunnvatnsstaða mæld

## Niðurstöður mælinga 2.5.2012 og 1.10.2012

	Dags	2.5.2012			1.10.2012					
		BR1	BR5	BR4	BR5	DY2	DY1	SS1	MG2	MG1
Mælipáttur	eining									
Hæð grunnvatns									94cm	96cm
Rennsli	l/sek	2,5	2,5		0,40					
Hitastig	°C	9	9	10	10	4	4		5,5	5,5
Leiðni	µS/cm	530	630	3.600	3.600	180	180		240	160
pH	pH	6,05	6,25	5,85	5,95	6,05	5,95		5,95	6,3
Súrefnispörf (COD)	mg/l	160	140	3.900	3.500	<10	<10		<10	<10
Uppleyst lífrænt kolefní (DOC)	mg/l	11,3	13,2	1160	1100	1,49	1,6			
Nítur N <sub>(heildar)</sub>	mg/l	5,38	5,83	263	229	<0,10	0,10			
Ammoniak NH <sub>4</sub> <sup>+</sup>	mg/l	4,55	6,09	227	210	<0,050	<0,050		<0,050	<0,050
Nítrat NO <sub>3</sub> <sup>-</sup>	mg/l	<2,00	<2,00	<2,00	<2,00	<2,00	<2,00		<2,00	<2,00
fosför P <sub>(heildar)</sub>	mg/l	0,109	0,16	14,7	13,6	<0,010	<0,010		0,052	0,115
fosfat PO <sub>4</sub> <sup>3-</sup>	mg/l			37,7	34,6	<0,040	<0,040		<0,040	0,357
Lífræn halogensambönd (AOX)	mg/l	<0,010	<0,010	225	0,076	0,013	<0,010	<30	<0,010	<0,010
Klór Cl <sup>-</sup>	mg/l	77,9	99,7	494	477					
Flúor F <sup>-</sup>	mg/l	0,346	<0,200	<0,200	<0,200					
Súlfat SO <sub>4</sub> <sup>2-</sup>	mg/l	7,9	8,4	26,1	22,4					
Fenoltala	mg/l	0,059	0,06	1,7	1,37					
Blý Pb	µg/l	<0,5	<0,5	0,582	0,752	<0,5	<0,5	0,605	<0,5	<0,5
Kvikasilfur Hg	µg/l	<0,02	<0,02	<0,02	<0,02	<0,02	<0,02	<0,04	<0,02	<0,02
Cadmíum Cd	µg/l	<0,05	<0,05	0,0751	0,0788	<0,05	<0,05	0,0292	<0,05	<0,05
Járn Fe	mg/l	1,6	2,55	11,0	9,99					
Króm Cr	µg/l	5,21	6,3	27,10	25,20	<0,9	<0,9	5,60		
Kopar Cu	µg/l	6,91	7,57	43,40	47,10	1,01	<1	65,3		
Sink Zn	µg/l	13,1	20,2	97,20	100,00	<4	<4	0,01		
Arsen As	µg/l	0,906	0,98	3,40	3,16	<0,5	<0,5	1,49		
Nikkel Ni	µg/l	3,55	3,91	17,30	17,50	<0,6	<0,6	13,1		
Baríum Ba	µg/l	2,72	3,98	19,10	16,90					
Mólýbden Mo	µg/l	<0,5	<0,5	1,05	1,12					
Antimon Sb	µg/l	0,02	0,25	0,80	0,807					
Selen Se	µg/l	0,294	0,37	1,31	1,21					
Tin Sn	µg/l	<0,5	<0,5	0,68	0,554				<0,5	<0,5
Kobolt Co	mg/kg							10,20		
Vanadium V	mg/kg							83		
tot ext aliphats (Olífa/fita)	mg/l	0,2	0,44	34,20	149,00	<0,10	<0,10		1,4	<0,10
unpolar aliphats (Olífa/fita)	mg/l	<0,10	<0,10	1,09	0,76	<0,10	<0,10		<0,10	<0,10
tot ext aromat	mg/l	<0,10	<0,10	34,20	40,40	<0,10	<0,10		<0,10	<0,10
benzen(BTEX)	µg/l	<0,20	<0,20	0,44	0,42					
toluen (BTEX)	µg/l	19,3	28,5	672,00	548,00					
etylbenzen (BTEX)	µg/l	<0,10	0,11	1,54	1,81					
xylene sum (BTEX)	µg/l	<0,15	<0,15	3,50	3,80					
m-p-xylene		<0,20	<0,20	2,42	2,68					
o-xylene		<0,10	<0,10	1,10	1,16					

### Skýringar við táknum í töflu:

BR4	ofan hreinsvirkis	DY1	Dalalækur ofan urð
BR1	Ofan hreinsvirkis	SS1	botnset
BR6	Neðan hreinsvirkis	MG3	Grunnvatn neðan orðunarstaðar
DY2	Dalalækur neðan urð	MG2	Grunnvatn ofan urðunarstaðar
		MG1	Grunnvatn ofan urðunarstaðar

### 4.3 Grunnvatnsstaða

	2.5.2012	1.10.2012
MG1	96cm	96cm
MG2	95cm	94cm

MG1 er ofan urðunarstaðar í suðurhorni urðunarhólfss

MG2 neðan urðunarstaðar norðvestan urðunarhólfss

Rennslí var mælt í BR5 þann 1.10.2012 og reyndist vera 0,4 l/s

### 2. Veðurathuganir

Vegna athugana á veðurfari þá daga sem sýnataka fór fram vísast í gögn frá Verðurstofu Íslands um veðufar frá sjálfvirkri veðurstöð á Blönduósi

Veður 2. maí var hægur vindur, súld og hiti 8°C

En 1. okt var skyjað, þurrt að mestu og vindur 10 m/sek og hiti 8°C.

Þann sýni tekin á tímabilinu frá kl 11 til kl. 17 báða dagana.

Sauðárkróki 18.3.2013


Steinunn Hjartardóttir

heilbrigðisfulltrúi

#### 4.4 Veðurathuganir

Stuðst er við gögn frá Veðurstofu Íslands sem byggjast á veðurathugunum á Blönduósi.

Sýnd er vindrós fyrir tímabilið 3. september 2003-30. apríl 2012 um tíðni vindáttá á Blönduósi.



Vegna athugana á veðurfari þá daga sem sýnataka fór fram vísast í gögn sem fengin voru frá Veðurstofu Íslands um veðurfar frá sjálfvirkri veðurstöð á Blönduósi.

Þann 2.5 2012 voru sýni tekin á tímabilinu frá kl 11 til kl. 16 og þann 1.10.2012  
Veður á sýnatökudögum kl. 12:00 var þannig:

Atriði		Veðurathuganir á Blönduósi 2012 á sýnatökudögum	
Dags	2.maí	1.október	
Vindátt	(86°)	(10°)	
Vindhraði m/s	2,4	8,0	
Hitastig °C	7,1	4,9	
Rakastig %	85	83	
Úrkoma síð. sólarhr. mm.	1,1	0,3	

#### 4.5 Sigvatnsmælingar

Gerðar eru mánaðarlegar sigvatnsmælingar í brunnum og eru þær sýndar í meðfylgandi töflu:

Stekkjarvík, sigvatnsmælingar			
Mánuður	Dags	Brunnur nr.	Mæling (sl)
Janúar	31.1.2012	Nr.6	1,4
Febrúar	28.2.2012	Nr.6	2,8
Mars	30.3.2012	Nr.6	2,0
Apríl	30.4.2012	Nr.6	2,5
Maí	31.5.2012	Nr.6	2,0
Júní	28.6.2012	Nr.6	0,8
Júlí	30.7.2012	Nr.6	0,47
Ágúst	31.8.2012	Nr.6	0,25
September	29.9.2012	Nr.6	0,5
Október	31.10.2012	Nr.6	0,5
Nóvember	30.11.2012	Nr.6	0,5
Desember	27.12.2012	Nr.6	0,4

#### 4.6 Akstur með sorp

Akstursfjarlægðir til Stekkjarvíkur eru:

Blönduós	6 km
Skagaströnd	17 km
Sauðárkrókur	40 km
Akureyri	155 km

#### 4.7 Orkunotkun

Gasolíunotkun er bundin við notkun á tækjum, sem eru þrír troðrarar, jarðýta, hjólaskólfu, traktorsgrafa, fjórhjól og MMC pallbíll. Þau eru notuð til færslu á jarðvegi og undirbúning og frágang urðunarhólfs og til aðstoðar við losun farartækja þegar á þarf að halda. Olfunotkun á tækin var 23.533 lítrar, á bifreið 2.366 lítrar og fjórhjól 284 lítrar. Gasolíunotkun var því samtals 25.899 lítrar og bensín 284 lítrar. Rafmagn og vatn tengist eingöngu notkun í þjónustuhúsi, starfsmannaðstöðu og þvottaplaní.

Sundurliðun á orkunotkunn í lítrum er hér að neðan ásamt vinnutímaskiptingu einstakra tækja:

#### Norðurá bs Stekkjarvík 2012

	BOMAG	Hrálolla	CAT 980B	Hrálolla	Förusýlting	snjómokst	CATD7E	Hrálolla	CAT436B	Hrálolla	snjómokst
	Troðrarar	Hrálolla		Hrálolla	Yfirlag			Hrálolla		Hrálolla	
	Klist	Lítrar	Klist	Lítrar	tonn	Klist	Klist	Lítrar	Klist	Lítrar	Klist
Janúar	103	1260	25	480	640	17	19,3	572			
Feb	89,4	965	28	343	722	2	18,2	429			
Mars	85,5	805	42	308	715	1	23,7				
April	89,5	1410	30	133	480		51,6	274			
Mai	98	1261	29	289	702		28,9	419			
Júní	99,5	1494	34,2	353	975		26,5	577	16,5	42	
Júlí	106	1541	21,5	282	730		5		18	70	
Ágúst	90	1638	24	328	912		24	391	21,5	104	
Sept	70	1079	34,5	210	588		38	757	30,5	177	
Okt	87	931	39,5	294	702		14,5	345	31,5	172	
Nóv	80	1203	43	213	1224	4,5	17,7	75	12,5	75	25,3
Des	79	1336	35	585	852		6,8	249	15,4	64	1
	1077	14923	385,7	3818	9242	24,5	274,2	4088	145,9	704	26,3
Orkuþörf		14.923		3.818			4.088		704	23.533	
Vinnubíll		2,366								2.366	
Fjórhjól		284								284	
											Heild 26.183

## 5.1 Framkvæmdir 2012

Unnið var við nauðsynlegar framkvæmdir við að bæta aðstöðu á svæðinu auk þess sem unnið var sérstakt urðunarhólf fyrir dýrahræssláturúrgang. Helstu framkvæmdir voru:

- Hólf fyrir dýrahræsúrgang
- Nýjar girðingar 1.028 metrar
- Endurgirtar girðingar voru 300 metrar.



Nýtt urðunarhólf fyrir dýrahræssláturúrgang. Troðarinn er að störfum í almenna urðunarhólfinu.

Á árinu 2012 var grafið sérstakt hólf fyrir sláturúrgang. Var sú leið valin að grafa þann hluta hólfsins sem var áætlaður í síðasta áfanga. Hólfisíð er að rúmtaki um  $35.000 \text{ m}^3$  og gert ráð fyrir að mögulegt sé að urða allt að 21.000 tonn af sláturúrgangi í því á næstu árum.

Stekkjarvík, Blönduósþæ 26. apríl 2013.

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður Norðurár bs.  
Fannar Viggósson, umsjónarmaður  
Águst Þór Bragason, Tæknideild Blönduósþæjar